

## Opið hús á Heilsugæslustöðinni

Föstudaginn 27. nóvember verður opið hús á Heilsugæslustöðinni í Búðardal frá kl. 14:00 - 17:30.

Í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra verður boðið upp á blóðþrýstings- og blóðsykurmælingar í samstarfi við Lionsklúbb Búðardals.

Einnig gefst fólki kostur á að skoða stöðina og sjúkrabíla á samt því að kynna sér starfsemina og þann tækjakost sem er til staðar. Fulltrúar frá Hollvinasamtökum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands munu afhenda heilsugæslustöðinni gjöf.

Allir íbúar á starfssvæði HVE í Dalabyggð og Reykhólahreppi eru hjartanlega velkomnir.

## Sælingsdalslaug í desember 2015

Sælingsdalslaug er opin 1.-18. desember á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22 og fimmtudögum kl. 16-18. Laugardaginn 5. desember er opið kl. 14-18, en lokað er aðra laugardaga í desember.

Fólki er velkomið að hafa samband í desember og óska eftir að koma í sund á öðrum tíma á virkum dögum frá 1. -18. desember ef starfsfólk á staðnum.

Sælingsdalslaug er lokað frá 19. desember og opnar aftur eftir jólaeyfi þriðjudaginn 5. janúar kl. 15:30.

Opnunartímar Sælingsdalslaugar og breytingar þar á eru auglýstar á vef Dalabyggðar (dalir.is) og Ungmenna- og tólmstundabúðanna (ungmennabudir.is).

Guðrúnarlaug er 30°C og erfitt er að halda henni mikið heitari á veturna.



# DALAPÓSTURINN

13. tölublað, 8. árgangur  
25. nóvember 2015

## Jólatré við Auðarskóla

Kveikt verður á jólatré við Auðarskóla miðvikudaginn 2. desember kl. 17:30. Á eftir er boðið upp á kaffi, súkkulaði og piparkökur í Dalabúð eins og venjulega.

## Félagsþjónustan

Viðtaltímar félagsráðgjafa hafa verið fluttir á fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði. Tímamantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222.

Samningur er við Borgarbyggð um félagsþjónustu og þjónustu í barnaverndarmálum. Undir þann samning falla fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, félagsleg liðveisla og annar stuðningur við fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna, leyfisveitingar vegna daggæslu í heimahúsum og barnavernd. Auk viðtaltíma í stjórnsluhúsinu í Búðardal er hægt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar, ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum. Skrifstofa félagsmálastjóra Borgarbyggðar er á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Sími 433 7100 og fax 433 7101.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Auðarskóli - leikskólakennari

Leikskólakennara vantar við Auðarskóla. Auðarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli staðsettur í Búðardal. Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð –Ánægja-Árangur.

Leikskólinn er tveggja deilda og að jafnaði dvelja þar 35 – 40 börn frá 12 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður góður.

Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og vill vera virkur hluti liðsheildar.

Hæfniskröfur er

- leikskólakennaramenntun
- góð færni í mannlegum samskiptum
- áhugi og metnaður fyrir faglegu leikskólastarfi
- skipulagshæfni
- frumkvæði
- sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands. Umsóknarfrestur er til og með 7. desember.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899 7037. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið [eyjolfur@audarskoli.is](mailto:eyjolfur@audarskoli.is).

## Byggðasafn Dalamanna - sögustundir

Næsta sögustund verður sunnudaginn 29. nóvember og fjallar um *Verzlunarfélag Dalasýslu*. Sunnudaginn 13. desember mun Jón Jónsson þjóðfræðingur á Kirkjubóli mæta og segja frá jólasveinunum. Sunnudaginn 27. desember verða álfar og annað tengt áramótum á dagskrá.

Allir eru velkomnir, aðgangseyrir er 500 kr og kaffi á könnunni fyrir þá sem það vilja.

## Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin alla virka daga kl. 10-14 og símatímar kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is). Póstkassi er í anddyrinu fyrir þá sem þurfa að afhenda skjöl utan opnunartíma.

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Síminn er 430 4720 og netfangið [bokasafn@dalir.is](mailto:bokasafn@dalir.is).

## Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Engir fastir opnunartímar eru á Héraðsskjalasafni Dalasýslu, en safnið er opið eftir samkomulagi við héraðsskjalavörð.

Í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna efna héraðsskjalasöfn, Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn - Háskólabókasafn til þjóðarátaks um söfnun og varðveislu á skjölum kvenna. Héraðsskjalasafn Dalasýslu er aðili að átakinu og tekur við skjölum og öðrum gögnum tengdum konum í Döllum.

## Endurvinnslustöðin í Búðardal

Endurvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum kl. 15-18 og á laugardögum kl. 11-14.

Auk þess geta íbúar komið með flokkað sorp á flokkunarstöðinni við Vesturbraut (gámavellinum) á öllum tímum sólarhrings og losað í svokallaða flokkunarkrá.

Í flokkunarkrá er hægt að láta frá sér fernur, bylgjupappa, sléttan pappa, dagblöð, tímarit, annan pappír, málma, niðursuðudósir, rafhlöður, plastfilmur, plastpoka, plastbrúsa, aðrar plastumbúðir og kertavax.

Flokkunarkráin er aðgengileg allan sólarhringinn, en annað endurvinnsluefni og úrgang, það er stærri hluti, spilliefni, frauðplast, timbur, járn og gler þarf eftir sem áður að láta frá sér á opnunartíma flokkunarstöðvarinnar.